

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að úrskurða varnaraðilja, skiptaráðandann í Reykjavík vegna þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, til að greiða sóknaraðilja kr. 6.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Sóknaraðilja, Vagni E. Jónssyni, skal afhenda kr. 104.462, með 7% ársvöxtum af kr. 100.000 frá 15. september 1967 til 5. desember 1969 og af kr. 90.000 frá þeim degi til greiðsludags, af uppboðsandvirði fjárnuminna muna Vátryggingafélagsins h/f á nauðungaruppboði, sem fram fór 23. maí 1970 samkvæmt uppboðsbeiðni sóknaraðilja.

Varnaraðili, skiptaráðandinn í Reykjavík vegna þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, skal greiða sóknaraðilja kr. 6.000 í málskostnað.

Úrskurði þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 6. maí 1975.

Nr. 122/1972. **Sigurður Helgason**

(Guðlaugur Einarsson hrl.)

gegn

Kristni Bergþórssyni

(Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Vöruskipti. Gallar. Kvörtun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1972. Krefst hann þess, að stefndi verði

dæmdur til að greiða 123.663 krónur með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að magn rennilása þeirra, sem stefndi afhenti, hafi verið minna en um var samið í vöruskiptum aðilja. Telur áfrýjandi stefnda hafa beitt sig svikum í þessum skiptum, en sú málsástæða áfrýjanda er ekki sönnuð. Kvörtun áfrýjanda um það, að greiðslu stefnda væri áfátt, var of seint fram borin samkvæmt 54. gr., sbr. 50 gr. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 39/1922.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Helgason, greiði stefnda, Kristni Bergþórssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Rykjavíkur 5. júlí 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 23. júní sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 14. september 1971, af hr. kaupmanni Sigurði Helgasyn, Ránargötu 12 hér í borg, gegn hr. kaupmanni Kristni Bergþórssyni, Grettisgötu 3 hér í borg, til greiðslu á eftirstöðvum vörureiknings, kr. 123.675 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. maí 1966 auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt mati dómsins.

Sáttatilaunir dómsins urðu árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 15. maí 1966 skiptust aðiljar máls þessa á vörum, þannig að stefnandi lét af hendi gjafavörur af tegundinni Helena Rubinstein, og stefndi lét af hendi rennilása. Fóru skipti þessi

fram í vörugemymslu stefnda að Grettisgötu 3 hér í borg, og var það stefnandi, sem kom sjálfur með gjafasett sín í sendiferðabifreið og afhenti, en tók við rennilásunum, sem voru afhentir af stefnda og starfsmanni hans, Agnari Jóni Jörgenssýni.

Við þetta tækifæri voru ekki undirritaðir samningar né önnur bréf um vöruskipti þessi, en einhvern tíma afhenti stefnandi stefnda kvittun eða kvittaðan reikning, sem hér er í frumriti á dskj. nr. 18, en stefnandi hélt sjálfur eftir afriti af sama blaði, og er það á dskj. nr. 4. Blað þetta samdi stefnandi og skrifaði sjálfur, en það er svohljóðandi:

„Vífill Nr. 50
Heildv. Kristinn Bergþórsson
Grettisgötu 3

1966 Afgr:

15/5 An: 200 gjafasett	98/—	19600.00
100 st do	300/—	30000.00
100 — do	200/—	20000.00

kr. 69600.00

— 15%

10440.00

kr. 59160.00

Greitt að fullu
m/rennilásun
Vífill
Sig. Helgason“.

Á afrit þessa skjals, þ. e. dskj. nr. 4, er bætt við neðst á skjalið þessum orðum með annari rithönd:

„Reikningurinn er réttur

Jóh. M. Jón..“.

Stefnandi samdi einhvern tíma seinna annað skjal, svohljóðandi:

„Heildverslun Kristins Bergþórssonar
Grettisgötu 3

1966

15/5 An: Gjafasett asort	215100.00
--------------------------	-----------

Pr.: Afsláttur 15% 32.265.—

Samkv. nótu 50	59.160.—
Mismunur	123.675.—

Kr. 215.100.00 215.100.00

Skuld: kr. 123.675.00“.

Þetta skjal hefur stefnandi lagt fram sem dskj. nr. 3. Hinn 20. júní 1968, eða rúmum tveimur árum eftir að vöruskipti þessi áttu sér stað, skrifaði lögmaður stefnanda bréf til stefnda og krafði hann um kr. 123.675. Afrit kröfubréfs þessa hefur verið lagt fram í máli þessu sem dskj. nr. 5, og má af því sjá, að lögmaðurinn byggir kröfu sína á ofangreindu skjali á dskj. nr. 3, og segir í bréfinu „... en eftirstöðvarnar kr. 123.075.00 áttu að greiðast nokkru síðar, en hafa ekki verið greiddar enn, þrátt fyrir margítrekaðar innheimtutilraunir“. Stefnandi sneri sér þegar til lögmannsins og tilkynnti honum, að hann skuldaði stefnanda ekki neitt. 13. maí 1970 var síðan gefin út stefna á hendur stefnda og tekið þar fram: „Þar sem krafa þessi er að fyrnast, var óhjákvæmilegt að höfða mál þetta“.

Stefnandi heldur því fram, að viðskipti máls þessa hafi orðið þannig, að hann hafi hitt stefnda og hafi stefndi boðið honum 90 til 100 þúsund stykki af rennilásum á kr. 2 stykkið. Hafi þeim samist þannig, að stefnandi fengi rennilásana og stefndi fengi í staðinn Helena Rubinstein snyrtivörur í gjafasettaumbúðum að sama verðmæti. Við vöruskiptin hafi stefnandi gengið út frá því, að þarna væri um níutíu þúsund rennilásar, en hann hafi síðar talið rennilásana og komist þá að raun um, að þeir væru einungis um þrjátíu þúsund, eða þriðjungur af því, sem um hafði verið samið. Hann hafi þá farið til stefnda til að fá leiðréttingu mála sinna, en stefndi hafi slegið úr og í, en aldrei mótmælt því, að stefnandi ætti hjá honum mismuninn. Eftir að lögmaður stefnanda hafi ritað kröfubréf sitt 20. júní 1968, hafi stefndi boðið stefnanda aðrar vörur, en stefnandi hafi viljað fá mismuninn í peningum. Þannig beri að skilja mismuninn á nótonum á dskj. 18 (dskj. 4) og dskj. 3, að á dskj. 18 kvitti stefnandi fyrir að hafa mótttekið þá rennilása, sem hann raunverulega fékk, þ. e. þriðjungi minna en hann átti að fá, og reikni hann því einungis 400 gjafasett að verðmæti kr. 69.600 sem greiðslu fyrir rennilása þessa til þess að hafa sama verðmæti. Stefnandi hafi þó raunverulega afhent miklu fleiri gjafasett við þetta tækifæri, eins og dskj. nr. 3 svo og dskj. nr. 6 og 16 beri með sér. Á dskj. nr. 6

megi sjá sundurliðun á allri gjafasettasendingunni og komi sú sundurliðun heim við sundurliðun þá, sem Ágúst Kristmanns, sem hafi keypt gjafasettin af stefnda, hafi gert fyrir sitt leyti, sbr. dskj. nr. 16. Fyrir dóminum hafi Ágúst Kristmanns staðfest að hafa keypt þetta magn af Helena Rubinstein gjafasettum haustið 1966 af stefnda og þannig megi rekja feril þessara gjafasetta úr vöruskemmu Jóhanns Marels Jónassonar samkvæmt vottorði hans á dskj. nr. 6 til stefnda og síðan til vitnisins Ágústs Kristmanns. Þannig sé stöðum rennt undir nótuna á dskj. nr. 3, sem stefnandi byggi kröfu sína á, hvað magn og fjárhæðir snerti, og ljóst sé, hvernig nóturnar á dskj. nr. 18 og 4 sýni einungis hluta af gjafasettunum, enda sé niðurstöðutalan, kr. 59.160, tekin upp í dskj. nr. 3. Sýnt sé, að stefnandi hafi hinn 15. maí 1966 afhent stefnda gjafasett að fjárhæð samtals kr. 215.100. Stefnandi hafi hins vegar einungis fengið rennilása að verðmæti kr. 59.160 og standi krafa sín þá eftir, þegar frá sé talinn afsláttur, kr. 32.265.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að vöruskiptin 15. maí 1966 hafi verið hrein skiptiviðskipti og stefnandi eigi enga kröfu á stefnda vegna þeirra. Stefnandi hafi heldur aldrei minnst á það við stefnanda, að þessum viðskiptum væri ekki að fullu lokið. Stefnandi hafi fengið kröfubréf lögmannsins, dags. 20. júní 1968, og hafi hann við það snúið sér strax til lögmannsins og tilkynnt honum, að hann skuldaði stefnanda ekki neitt. Skiptin hafi farið þannig fram, að stefnandi hafi boðið 400 gjafasett til kaups og hafi þeim samist þannig, að stefnandi fengi rennilása í staðinn. Aldrei hafi verið talað um, hve margir rennilásarnir væru né um verð á þeim. Stefnandi hafi fengið allt magnið, sem stefndi hafi átt og stefnandi hafi áður skoðað. Stefnandi mótmælir alfarið vitnisburði Ágústs Kristmanns og skjölunum á dskj. 6 og 16 sem máli þessu óviðkomandi. Bendir stefndi á, að kvittaði reikningurinn á dskj. nr. 4 (dskj. 18) sé réttur, en reikningurinn á dskj. nr. 3 að fjárhæð kr. 215.100 sé hins vegar rangur og stefnda óviðkomandi. Í heild séu kröfur stefnanda ósannaðar með öllu, enda hafi þær aldrei verið til, enda hafi stefnandi samkvæmt 52. gr. laga nr. 39 frá 1922 átt að kvarta strax, ef hann hafði eitt-hvað út á magn rennilásanna að setja, þar sem hér hafi verið um verslunarkaup að ræða, og sé því mótmælt, að stefnandi hafi nokkrar athugasemdir gert fyrr en með bréfi lögmannsins, dags. 20. júní 1968.

Mál þetta fjallar um verslunarkaup. Ósannað er af stefnanda hálfu gegn mótmælum stefnda, að hann hafi skýrt stefnda frá

Því fyrr en að tveimur árum liðnum, að mergð rennilásanna hafi eigi verið sú, sem hann hafi talið samning þeirra hljóða um. Ber þegar af þeirri ástæðu að taka sýknukröfu stefnda til greina, sbr. 52 og 54. gr., sbr. 50. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem með hliðsjón af rekstri málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 7.000.

Dómarar máls þessa eru Garðar Gíslason, Eggert Kristjánsson hæstaréttarlögmaður og Jóhann J. Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Bergþórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Helgason, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 7.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1975.

Nr. 53/1975. **Jón Þórir Gunnlaugsson**
 gegn
Ákæruvaldinu.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Úrskurður um hald á bifreið úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur Þórir Oddsson, aðalfulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, kveðið upp.

Með kæru 21. apríl 1975, sem barst Hæstarétti 22. apríl s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Þá krefst sóknaraðili kærnumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.